

Meningar- og viðskiptaráðuneyti

Minnisblað

Viðtakandi: **Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis**
Sendandi: **Meningar- og viðskiptaráðuneyti**
Dagsetning: **18.11.2022**
Málsnúmer: **MVF22060060**
Bréfalykill: **07.02**

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög, lögum um einkahlutafélög og lögum um ársreikninga (hluthafafundir o.fl.), 153. löggjafarþing, þingskjal 228, 227. mál.

Minnisblað þetta varðar innsendra umsagna við frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög, lögum um einkahlutafélög og lögum um ársreikninga (hluthafafundir o.fl.), 153. löggjafarþing, þingskjal 228, 227. mál. Um endurflutt mál er að ræða en frumvarpið var áður lagt fram á 152. löggjafarþingi og er frumvarpið óbreytt frá fyrri framlagningu þess. Í minnisblaðinu er að finna umfjöllun um umsagnir vegna málsins og afstöðu ráðuneytisins.

Tvær umsagnir bárust um frumvarpið en umsagnaraðilar eru annars vegar Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) og Samtök atvinnulífsins (SA) sem sendu sameiginlega inn umsögn og hins vegar Viðskiptaráð Íslands. Efnahags og viðskiptanefnd barst ein umsögn um frumvarpið við framlagningu þess á 152. löggjafarþingi frá SFF og SA.

Umsögn Viðskiptaráðs.

Í umsögn Viðskiptaráðs er almennt lýst ánægju með breytingar á lögum um hlutafélög sem lagðar eru til í frumvarpinu þar sem félögum þar sem hlutir hafa verið teknir til viðskipta á skipulegum markaði er heimilað að ákveða í samþykktum sínum tiltekin atriði er varða hluthafafundi. Viðskiptaráð leggur þó til að umræddar breytingar sem lagðar eru til í 1.- 3. gr. frumvarpsins taki til allra hlutafélaga en ekki eingöngu til félaga þar sem hlutir hafa verið teknir til viðskipta á skipumlegum markaði. Vísar ráðið til þess að samkvæmt 80. gr. a laga um hlutafélög sé öllum hlutafélögum heimilt að halda hluthafafundi rafrænt og því sé ekki rétt að takmarka þær breytingar á lagðar eru til í frumvarpinu við félög þar sem hlutir hafa verið teknir til viðskipta á skipulegum markaði. Telur ráðið að framangreindar breytingar gagnist hlutafélögum hvort sem þau eru skráð á markað eða ekki.

Umsögn SFF og SA.

Í umsögn SFF og SA er fjallað um ákvæði 1. gr. frumvarpsins og kemur fram að samtökin styðji breytingartillöguna en telji ekki sérstök rök fyrir því að takmarka heimildina við skráð félög. Benda samtökin á að sérákvæði í lögum sem varði skráð félög miði almennt að því að veita hluthöfum meiri og/eða skýrari réttindi en í öðrum félögum en ákvæði 1. gr. leiði til þess að hluthafar skráðra félaga hefðu takmarkaðri réttindi en hluthafar í öðrum félögum. Samtökin benda á að heimild 80. gr. a laga um hlutafélög sem heimildar félögum að halda hluthafafundi rafrænt sé ekki takmörkuð við skráð félög. Slík félög hafi á undanförunum árum sett í samþykktir sínar ákvæði sem heimila að haldnir séu hluthafafundi rafrænt en óskráð félög hafi einnig séð kosti við að halda hluthafafundi rafrænt og jafnvel talið það nauðsynlegt líkt og sést hafi í faraldrinum. Benda samtökin einnig á að ákvæði norskra og sænskra laga um sama efni takmarki umrædda heimild ekki við skráð félög. Í umsögninni er einnig tekið fram að sé talið nauðsynlegt að takmarka heimildina við tiltekin félög sé hægt að binda heimildina við hlutafélög sem ákveða á grundvelli 80. gr. a laga um hlutafélög að halda hluthafafundi rafrænt annað hvort að hluta eða að öllu leyti.

Varðandi athugasemdir umsagnaraðila við 1. gr. frumvarpsins.

Í samráðskafla frumvarpsins kemur fram að ráðuneytinu hafi borist athugasemd SFF og SA um ákvæði 1. gr. í opnu samráðsferli vegna frumvarpsins en að ráðuneytið telji rétt að takmarka ákvæðið við skráð félög þar sem um ákveðnar takmarkanir á réttindum hluthafa er að ræða en framangreindum félögum sé mikilvægt að hafa svigrúm til að undirbúa skráningu hluthafa á hluthafafund, einkum þeirra hluthafa sem búsettir eru erlendir, taka þátt í hluthafafundinum rafrænt og þurfa að skrá sig í gegnum erlenda vörsluaðila fyrir fundinn. Í frumvarp því er varð að lögum nr. 32/1978 um hlutafélög var lagt til að heimilt væri að kveða á um það í samþykktum félags að hluthafa bæri að tilkynna þátttöku sína innan ákveðins tíma fyrir fundinn til að tryggja sér rétt til fundarsetu, þó aldrei lengri tíma en þremur sólarhringum fyrir fundinn. ekki vera lengri en þrjú sólarhringar. ar skyldu skrá sig á hluthafafund innan tiltekens frest fyrir fundinn. Í greinargerð með frumvarpinu segir að með ákvæðinu sé ætlunin að veita stjórn möguleika á hæfilegum tíma til að undirbúa fundinn. Við þinglega meðferð málsins var ákvæðið fellt brott þar sem það var talið óheppilegt og í því fælist of mikil skerðing á rétti hluthafa. Ráðuneytið telur að heimild 1. gr. frumvarpsins væri meira takmarkandi fyrir hluthafa í hlutafélögum almennt þar sem heimildin getur takmarkað möguleika hluthafa til að nýta réttindi sín í félagi á hluthafafundi verði ákvæðið að viðkomandi þurfi að tilkynna þátttöku sína á hluthafafundinn innan tiltekens frest fyrir fundinn.

Með vísan til þess sem að framan greinir telur ráðuneytið að takmarka eigi heimildina sem kveðið er á um í 1. gr. frumvarpsins við félög þar sem hlutir hafa verið teknir til viðskipta á skipulegum markaði. Telji efnahags- og viðskiptanefnd rétt að taka athugasemdir umsagnaraðila um 1. gr. frumvarpsins til greina leggur ráðuneytið til að heimildin taki til skráðra félaga eins og lagt er til í frumvarpinu en hvað önnur hlutafélög varðar verði heimildin takmörkuð við hluthafafundi sem haldnir eru rafrænt að hluta til eða öllu leyti.

Varðandi athugasemdir umsagnaraðila við 2. gr. frumvarpsins.

Í ákvæðinu er lagt til að í samþykktum hlutafélags þar sem hlutir hafa verið teknir til viðskipta á skipulegum markaði megi kveða á um að frestur til að gera kröfu um að fá ákvæðið mál tekið til meðferðar á hluthafafundi sé lengri en tíu dagar fyrir aðalfund en fresturinn teljist þó aldrei liðinn fyrir en viku eftir að gögn skv. 4. mgr. 88. gr. laganna hafa verið birt. Tillaga 2. gr. frumvarpsins er í samræmi við ákvæði 4. mgr. 6. gr. tilskipunar (EB) 2007/36/EB þar sem fjalla er um fresti fyrir hluthafa til að gera kröfur til að fá mál tekið fyrir á hluthafafundi, sem þarf að vera nægilega rúmur til þess að hluthöfum gefist ráðrúm til að veita umboð eða greiða atkvæði utan fundar. Tillaga 2. gr. frumvarpsins tengist tillögu 3. gr. þess sem varðar hámarksboðunarfrest aðalfunda félaga þar sem hlutir hafa verið teknir til viðskipta á skipulegum markaði.

Varðandi athugasemdir umsagnaraðila við 3. gr. frumvarpsins.

Í ákvæði 88. gr. laga um hlutafélög er að finna ákvæði um boðunarfresti hluthafafunda en í 88. gr. a er að finna sérreglu um boðunarfresti hluthafafunda félaga þar sem hlutir hafa verið teknir til viðskipta á skipulegum markaði. Samkvæmt 88. gr. er lágmarksboðunarfrestur hluthafafunda almennt 1 vika en 2 vikur sé um aðalfund að ræða. Heimilt er að kveða á um lengri lágmarksboðunarfrest í samþykktum félags. Hámarksboðunarfrestur til hluthafafunda samkvæmt ákvæði 88. gr., þ.m.t. aðalfunda, er 4 vikur.

Þegar um skráð félög er að ræða er lágmarksboðunarfrestur til hluthafafunda 3 vikur, sbr. 1. mgr. 88. gr. a laga um hlutafélög, en hámarksboðunarfrestur er hinn almenni frestur í 88. gr. laganna. Framangreindur 3 vikna frestur er í samræmi við ákvæði tilskipunar (EB) 2007/36/EB um nýtingu tiltekinna réttinda hluthafa í ráðum félögum en í tilskipuninni er m.a. að finna ákvæði um lágmarksfrest til boðunar aðalfunda félaga á markaði. Tilskipunin var innleidd í íslenskan rétt með lögum nr. 126/2009. Í 2. mgr. 88. gr. a er að finna undanþágu frá framangreindum lágmarksboðunarfresti til hluthafafunda þannig að lágmarksboðunarfrestur getur verið 2 vikur að ákveðnum skilyrðum uppfylltum en undanþágan á þó ekki við um aðalfund.

Hlutafélög hafa því almennt tveggja vikna ramma til að boða til aðalfundar, þ.e. 2–4 vikum fyrir fundinn, en sá rammi hjá félögum þar sem hlutir hafa verið teknir til viðskipta á skipulegum markaði er ein vika, þ.e. 3–4 vikum fyrir fundinn. Eins og fjallað er um í greinargerð með frumvarpinu um ákvæði 3. gr. kom ákvæði laganna um hámarksboðunarfrest til hluthafafunda fyrst inn í lög um

hlutafélög nr. 32/1978. Í greinargerð með frumvarpi því er varð að framangreindum lögum segir að nauðsynlegt sé að kveða á um hámarksboðunarfrest til hluthafafunda þar sem of langur boðunarfrestur geti valdið óhagræði þá einkum fyrir nýja hluthafa. Þannig sé með reglunum leitast við að tryggja hag hluthafanna, sem og að veita stjórn félags hæfilegt svigrúm. Tillaga 3. gr. frumvarpsins miðar að því að gefa hluthöfum í félagi sem hlutir hafa verið teknir til viðskipta á skipumlegum markaði færi á að gæta hagsmuna sinna betur og skapa þeim möguleika á því að taka þátt í aðalfundi og nýta þar réttindi sín, sem og að færa framkvæmdina hérlendis meira til samræmis við það sem gerist í nágrannalöndunum. Það er einkum mikilvægt fyrir hluthafa í félögum þar sem hlutir hafa verið teknir til viðskipta á skipumlegum markaði að hámarksboðunarfrestur sé lengdur, sem og fyrir slík félög, þar sem eignarhaldi þeirra er með öðrum hætti en hjá hlutafélögum almennt.

Með vísan til þess sem að framan greinir telur ráðuneytið ekki þörf á að gera breytingu ákvæði 3. gr. frumvarpsins.



Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 14. október 2022

Efni: Umsögn um frumvarpi til laga um breytingu á lögum um hlutafélög nr. 2/1995, lög um einkahlutafélög nr. 138/1994 og lögum um ársreikninga nr. 3/2006. Þingskjal 228, mál nr. 227.

Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) og Samtök atvinnulífsins (SA) hafa tekið framangreint frumvarp til skoðunar. Frumvarpið birtist í samráðgátt stjórnvalda þann 23. febrúar 2022 en SFF skilaði umsögn í gáttina þann 11. mars 2022. Frumvarpið var lagt fram á Alþingi þann 1. apríl 2022 en dagaði uppi. Frumvarpið hefur nú verið lagt fram á Alþingi að nýju og umsagnarbeiðni borist frá efnahags- og viðskiptanefnd. Um frumvarpið segir m.a. að í því megi finna tillögur að breytingum á lögum um hlutafélög þar sem félögum þar sem hlutir hafa verið teknir til viðskipta á skipulegum markaði er heimilað að ákveða í samþykktum sínum tiltekin atriði er varða hluthafafundi.

Í 1. gr. frumvarpsins er lagt til að ný málsgrein bætist við 80. gr. laga um hlutafélög sem heimili hlutafélögum þar sem hlutir hafa verið teknir til viðskipta á skipulegum markaði (skráðum félögum) að kveða á um það í samþykktum að hluthafi skuli tilkynna félaginu þátttöku sína á hluthafafundi innan tiltekins frests fyrir fundinn.

Í greinargerð með frumvarpsdrögum kemur fram að ábendingar hafi borist um að það geti verið vandkvæðum bundið að undirbúa fund og koma upplýsingum á framfæri við hluthafa nægilega tímanlega fyrir hluthafafund þegar fundurinn er haldinn rafrænt annað hvort að hluta til eða eingöngu. Eigi þetta einkum við í tilfellum félaga þar sem hlutir hafa verið teknir til viðskipta á skipulegum markaði og þegar um er að ræða hluthafa sem búsettir eru erlendis og taka þátt í fundinum í gegnum rafræna miðla.

SFF og SA styðja þessa breytingu á lögum en að mati samtakanna eru engin sérstök rök fyrir því að takmarka heimildina við skráð félög. Sérákvæði í lögum um skráð félög miða almennt að því að veita hluthöfum meiri og/eða skýrari réttindi en í öðrum félögum. Heimildin sem lögð er til í 1. gr. frumvarpsins myndi leiða til þess að hluthafar í skráðum félögum hefðu að þessu leyti takmarkaðri réttindi en hluthafar í öðrum félögum.

Í framkvæmd er slík heimild einkum æskileg þegar hluthafafundur er haldinn rafrænt, annað hvort að hluta til eða eingöngu. Á þetta er bent í greinargerðinni með frumvarpsdrögum. Heimild til að halda rafræna hluthafafundi byggir á 80. gr. a í lögum um hlutafélög og er sú heimild ekki takmörkuð við skráð félög. Þótt skráð félög hafi á undanförunum árum sett slíka heimild í samþykktir sínar og kosið í auknum mæli að nýta

Hús atvinnulífsins | Borgartún 35, 105 Reykjavík

Samtök Fjármálafyrirtækja
Borgartúni 35, 105 Reykjavík
(+354) 591 04 00
sff@sff.is
www.sff.is



hana hafa óskráð félög einnig séð kostina við rafræna hluthafafundi og jafnvel nauðsynina eins og sást í faraldrinum. Þörfin fyrir umrædda heimild er þannig óháð því hvort um skráð félag er að ræða eða ekki.

SFF og SA benda jafnframt á að tillagan í 3. mgr. 60. gr. í frumvarpi því er varð að lögum nr. 32/1978 um hlutafélög var ekki takmörkuð við skráð félög. Þá má ráða af greinargerðinni með frumvarpsdrögum að ákvæði norskra og sænskra laga um hlutafélög takmarki heimildina ekki við skráð félög.

Samtökin leggja því til að 1. gr. frumvarpsins orðist svo:

Ný málsgrein bætist við 80. gr. svohjóðandi: „Heimilt er að kveða á um það í samþykktum félags að hluthafi skuli tilkynna félaginu þátttöku sína á hluthafafundi innan tiltekins frests fyrir fundinn, sá frestur skal þó eigi vera lengri en ein vika, og skal fundarboð innihalda upplýsingar um skráningardag. Atkvæðavægi hluthafa á fundinum fer eftir iðjöldu hluta á því tímamarki þegar skráningarfresti lýkur.“

Ef talið er nauðsynlegt að takmarka það hvaða félög skuli hafa umrædda heimild er það mat samtakanna að binda mætti heimildina við þau félög sem ákveða, á grundvelli 80. gr. a í lögum um hlutafélög, að hluthafafundi skuli halda rafrænt, annað hvort að hluta eða að öllu leyti. Slíkt ákvæði sem þá yrði bætt inn í 80. gr. a gæti verið svohljóðandi:

„Heimilt er að kveða á um það í samþykktum að þegar hluthafafundur er haldinn rafrænt, annaðhvort að hluta til eða eingöngu, skuli hluthafi tilkynna félaginu þátttöku sína á hluthafafundi innan tiltekins frests fyrir fundinn. Sá frestur skal þó eigi vera lengri en ein vika. Fundarboð skal innihalda upplýsingar um skráningardag. Atkvæðisréttur hluthafa á fundinum fer eftir iðjöldu hluta á því tímamarki þegar skráningarfresti lýkur.“

Virðingarfyllst,

F.h. Samtaka fjármálafyrirtækja,

Margrét A. Jónsdóttir, lögfræðingur

F.h. Samtaka atvinnulífsins,

Heiðrún Björk Gísladóttir, lögmaður

Hús atvinnulífsins | Borgartún 35, 105 Reykjavík

Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 26. október 2022

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög, lögum um einkahlutafélög og lögum um ársreikninga (hluthafafundir o.fl.). (Mál nr. 227.)


Viðskiptaráð þakkar fyrir tækifærið til að koma á framfæri sjónarmiðum sínum um málið. Frumvarpið felur í sér breytingar á lögum um hlutafélög, lögum um einkahlutafélög og lögum um ársreikninga. Breytingin er snýr að lögum um hlutafélög felur í sér að félögum með hluti til viðskipta á skipulegum markaði er heimilað að ákveða í samþykktum sínum að hluthafi skuli tilkynna félaginu þátttöku sína á hluthafafundi innan tiltekins frests fyrir fundinn.

Umræddri breytingu er ætlað að koma til móts við félög sem halda fundi sína rafrænt (eingöngu eða að hluta til), og eru að reyna að koma upplýsingum á framfæri við hluthafa nægilega tímanlega fyrir fundinn. Greinargerðin fjallar um að þetta eigi sér í lagi við í tilfellum félaga þar sem hlutir hafa verið teknir til viðskipta á skipulegum markaði og þegar um er að ræða hluthafa sem búsettir eru erlendis og taka þátt á fundinum í gegnum rafræna miðla.

Viðskiptaráð telur breytinguna af hinu góða og að eðlilegt sé að afmarka einhvern tíma til undirbúnings til að gera félögum kleift að koma upplýsingum á framfæri og undirbúa rafræna fundi. Þó telur ráðið ekki rétt að takmarka þessa breytingu við skráð félög. Rafrænir hluthafafundir eru haldnir ýmist í skráðum félögum og óskráðum, en heimild til rafrænna funda byggir á 80. gr. a. í lögum um hlutafélög, og er ekki takmörkuð við skráð félög. Þörfin fyrir þessu úrræði er því til staðar óháð því hvort félagið er skráð á markað eða ekki.

Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái fram að ganga með tilliti til ofangreindra athugasemda.

Virðingarfyllst



Agla Eir Vilhjálmsdóttir
Lögfræðingur Viðskiptaráðs Íslands